

Íslensk afbrotafræði: Yfirlit íslenskra rannsókna á afbrotum og öðrum frávikum

Margrét Valdimarsdóttir
Jón Gunnar Bernburg
Háskóli Íslands

Útdráttur: Í þessari grein fjöllum við um íslenskar rannsóknir á afbrotum og öðrum frávikum. Greinin byrjar á því að skoða afbrot á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Á heimsvísu er tíðni manndrápa einna lægst á Íslandi en minni munur er á Íslandi og öðrum löndum þegar aðrar tegundir brota eru skoðaðar. Á undanförunum árum hefur íslenskum rannsóknum á afbrotum fjölgað töluvert, sérstaklega rannsóknum á annars vegar áhrifum nærsamfélagsins á fráviks- og afbrotahegðun ungs fólk og hins vegar rannsóknum á viðhorfum almennings til refsinga. Í greininni skoðum við jafnframt nýjar áherslur í rannsóknum á afbrotum á Íslandi.

Lykilorð: Afbrot ■ frávik ■ rannsóknir á afbrotum á Íslandi ■ afbrotafræði

Abstract: This article reviews recent research on crime and deviance in Iceland. We begin by comparing crime rates in Iceland to crime in other countries. Iceland has one of the lowest homicide rates in the world. According to official data, rates of other types of crimes are, however, relatively high in Iceland. There has been substantial increase in criminology research in Iceland in recent years, particularly research on the contextual effects of neighborhood characteristics on adolescent behavior and overall well-being. There has also been extensive focus on examining public attitudes towards crime and punishment. The article also reviews new directions in research on crime in Iceland.

Keywords: Crime ■ deviance ■ research on crime in Iceland ■ criminology

Inngangur

Í afbrotafræði er leitast við að svara spurningum er varða bæði orsakir og afleiðingar afbrota og annarrar frávikshegðunar. Stór hluti rannsókna í afbrotafræði byggir á kenningarlegum grunni klassískrar félagsfræði. Þetta skýrist meðal annars af því að lagalegar skilgreiningar á afbrotum og almenn viðmið um frávik eru háð félagslegum og pólitískum ferlum. En afbrotafræðinni má í grófum dráttum flokka í þrjú svið. Í fyrsta lagi leggja margir afbrotafræðingar áherslu á rannsaka orsakir afbrotahegðunar. Rannsóknir af þessu tagi beinast að því að finna þá þætti sem tengjast afbrotahegðun einstaklinga, auk þess sem þær reyna oft að leiða í ljós hvernig uppbygging og menning samfélagsins getur ýtt undir afbrotatíðni samfélagsins.

Í öðru lagi skoða afbrotafræðingar formleg og óformleg viðbrögð við frávikshegðun. Til að mynda kanna þeir orsakir og afleiðingar ólíkra refsistefna. Þá skoða þeir oft hvernig fjallað er um afbrot í fjölmiðlum og kanna viðhorf almennings til málaflokksins. Þótt sú mynd sem dregin er upp af afbrotum í fjölmiðlum sé ekki alltaf í takt við raunveruleikann getur hún haft raunveruleg áhrif á viðhorf almennings. Viðhorf almennings geta jafnframt mótað það hvernig samfélagið og réttarkerfið bregst við afbrotum og þeim einstaklingum sem stimplaðir eru sem slíkir.

Að lokum má nefna rannsóknir sem beina sjónum sínum að fórnarlömbum afbrota, til dæmis rannsóknir á því hvaða áhrif afbrot hafa á líf þolenda. Afbrotafræði er því fjölbreytt svið sem skoðar ólíkar hliðar samfélagsins á fjölbreyttan hátt.

Í þessari grein fjöllum við um íslenskar rannsóknir á afbrotum og annarri frávikshegðun. Greinin er framhald af sambærilegum yfirlitskafla sem kom út árið 2004 (Jón Gunnar Bernburg, 2004). Þrátt fyrir að íslensk afbrotafræði sé enn nokkuð ung hefur á undanförunum 15 árum eða svo átt sér stað töluverð fjölgun á og aukin fjölbreytni í félagsfræðilegum rannsóknum á afbrotum. Stór hluti þessara rannsókna hefur birst í erlendum vísindatímaritum, en þær hafa auk þess birst á íslenskum vettvangi. Greininni er eingöngu ætlað að gefa yfirlit en er ekki ætlað að vera tæmandi listi yfir rannsóknir síðastliðinna ára.

Afbrot á Íslandi

Ísland í alþjóðlegum samanburði

Í alþjóðlegum samanburði er Ísland almennt talið hafa lága tíðni alvarlegra afbrota. En flókið getur reynst að bera saman afbrotatíðni milli landa. Afar mismunandi er hvernig lagalegum skilgreiningum er háttáð og hvernig brot eru skráð, auk þess sem traust almennings til lögreglu (og því vilji fólks til að tilkynna um brot) er afar ólíkt milli landa (Dijk van, 2011). Talið er að manndráp sé það brot sem helst sé hægt að bera saman, enda skilgreiningar og skráningar manndrápa með svipuðum hætti í flestum löndum. Á heimsvísu er tíðni manndrápa einna lægst á Íslandi og litlar breytingar hafa orðið á tíðni slíkra brota hérlendis undanfarin ár (UNODC, 2013; 2016). En samkvæmt opinberum gögnum er tíðni annarra afbrota á Íslandi ekkert sérstaklega lág í alþjóðlegum samanburði. Sameinuðu þjóðirnar birta árlega tíðni ólíkra brota í öllum löndum sem gefa upp slíkar upplýsingar. Þegar meðaltalstölur frá árunum 2003 til 2015 eru skoðaðar kemur í ljós að einungis 15 lönd af 126 hafa hærri tíðni innbrota en Ísland. Tæplega 140 lönd gefa upp upplýsingar um fjölda tilkynntra nauðgana til lögreglu. Á þessu tímabili höfðu einungis átta lönd hærri tíðni nauðgana en Ísland (UNODC, 2016). En það er vel þekkt að mikil skekkja getur verið í opinberum tölum um kynferðisbrot og því vafasamt að nota svona tölur í samanburði milli landa.

Vegna veikleika opinberra gagna er oft farin sú leið að nota spurningakannanir til þess að bera saman tíðni afbrota milli landa. Ísland hefur aðeins einu sinni verið þátttakandi í Alþjóðlegu fórnarlambakönnunni (ICVS) en hún var lögð fyrir í lok árs 2004 í öllum löndum

Evrópusambandsins og á öllum Norðurlöndum. Niðurstöður könnunarinnar komu mörgum á óvart, þar sem þær sýndu að hlutfall þeirra sem hafði orðið fyrir einhverskonar broti á síðustu 12 mánuðum var hæst á Íslandi, um 20 prósent. Algengast var að fólk hefði orðið fyrir svikum í viðskiptum (e. *consumer fraud*). Tíðni ofbeldisbrota var einnig mjög há á Íslandi (Rannveig Þórisdóttir og Helgi Gunnlaugsson, 2007a; 2007b). Rannveig og Helgi (2007a) bentu þó á að niðurstöður könnunarinnar hefðu ekki verið í samræmi við opinber gögn og að svarendur í íslenska úrtakinu hefðu að jafnaði verið heldur yngri en í öðrum löndum, sem gæti haft áhrif á niðurstöður. Erlendir fræðimenn hafa bent á að það þurfi að hafa afstæðubundnar upplifanir í huga þegar niðurstöður spurningakannana eru bornar saman á milli landa (van Dijk, 2011). Fólk hafi til dæmis ólíkar hugmyndir um hvað flokkist sem ofbeldi. Í mjög friðsælum ríkjum hafi fólk lítið þol fyrir ágreiningi og geti því upplifað ýmsa hegðun sem ofbeldi sem ekki væri flokkuð sem slík í hugum fólks annars staðar. Vel má vera að afstæðubundnar upplifanir hafi haft áhrif á niðurstöður könnunarinnar, en ólíklegt er að slík áhrif hafi verið mjög mikil. Þótt að á Íslandi sé tiltölulega lítið um alvarlegustu tegundir ofbeldis er ljóst að landið er ekki glæpalaus paradís.

Niðurstöður spurningakannana sem lagaðar hafa verið fyrir unglunga í 40 Evrópulöndum benda til þess að neysla kannabis og annarra fíkniefna sé tiltölulega lítið útbreidd meðal íslenskra unglunga. Þó er tíðni fíkniefnaneyslu unglunga hærrí á Íslandi heldur en bæði í Svíþjóð og Noregi (Hibell, o.fl., 2012). Loks má nefna að fangelsistíðni á Íslandi er lág í alþjóðlegum samanburði. Dæmdir einstaklingar fá að jafnaði nokkuð styttri fangelsisdóma hérlandis en gengur og gerist í öðrum löndum. Samkvæmt opinberum tölum 130 landa eru einungis 6 lönd með lægri fangelsistíðni en Ísland (UNOCD, 2016).

Rannsóknir á afbrotum og annarri frávikshegðun ungs fólks

Afbrota- og frávikshegðun ungs fólks er ekki síst áhugavert viðfangsefni vegna þess að verulega dregur úr slíkri hegðun þegar fullorðinsaldri er náð. Miðað við flestar aðrar tegundir afbrotafræðirannsókna er komin nokkuð löng hefð fyrir því hérlandis að rannsaka fráviks- og afbrotahegðun unglunga. Umfangsmiklar og reglulegar spurningalistakannanir á lífsháttum unglunga hafa gefið rannsakendum mikið efni að vinna úr, ekki síst hafa þær skapað tækifæri til þess að prófa kenningar afbrotafræðinnar.

Í yfirlitsgrein Jóns Gunnars Bernburgs (2004) má finna ítarlegt yfirlit um íslenskar unglingarannsóknir sem gerðar höfðu verið fyrir árið 2004. Þessar rannsóknir höfðu meðal annars skoðað áhrif fjölskyldunnar, vinahópsins og tómstundabátttöku á afbrota- og frávikshegðun unglunga. Í samræmi við taumhaldskenningar eru íslenskir unglingar sem eiga í sterkum tengslum við hefðbundnar stofnanir samfélagsins ólíklegri til að brjóta af sér en aðrir unglingar. Jafnframt hafa þessar rannsóknir sýnt hvernig viðhorf og hegðun meðal jafnaldra mótara unglunga, en jafnframt hvernig þau áhrif eru háð öðrum félagslegum tengslum (t.d. við foreldra) og tækifærum til frávikshegðunar (sjá yfirlit í Jón Gunnar Bernburg, 2004).

Á undanförunum árum hefur orðið mikil fjölgun á rannsóknum hérlandis á því hvernig nærsamfélagið mótara fráviks- og afbrotahegðun ungmenna. Einblínt hefur verið á þau áhrif sem félagsleg samsetning í nærsamfélaginu hefur á samskipti fólks innan hverfisins, tengsl við stofnanir þess og sameiginleg gildi og viðhorf. Í samræmi við umræðu Durkheims um félagsfræðilegar staðreyndir (e. *social facts*) sem ekki er hægt að smætta í sálarlíf einstaklingsins, hafa þessar rannsóknir undirstrikað gagnvirkni samfélags og einstaklings (Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, 2004). Rannsakendur hafa beitt fjölstigagreiningu (e. *multilevel analysis*) og skoðað samhengisáhrif (e. *contextual effects*), en þannig áhrif eru skoðuð með því að skoða hvernig einkenni á hverfinu (t.d. meðaltekjur íbúa í hverfinu)

tengjast frávíks- og afbrotahegðun unglunga, að teknu tilliti til persónulegra aðstæðna þeirra.

Í nýlegri rannsókn prófuðu Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg (2015) kenninguna um félagslega óreiðu (e. *social disorganization*). Niðurstöður þeirra gáfu til kynna að almenn félags- og efnahagsstaða foreldra í skólahverfi hefði áhrif á afbrotahegðun unglunga, óháð þeirra eigin fjölskylduadstæðum. Þessu sambandi var svo miðlað í gegnum bæði tengslanet foreldra í hverfinu og viðhorf unglunga (e. *normlessness*). Í einföldu máli sýndi rannsóknin að í hverfum þar sem margir foreldrar búa við erfiðar aðstæður (þ.e. í hverfum þar sem tekjur íbúa eru lágar, þar sem hlutfall einstæðra foreldra er hátt og þar sem margir foreldrar hafa erlent ríkisfang) er tengslanet foreldra að jafnaði veikara en í öðrum hverfum. Ein skýring er sú að það álag sem fylgir því að búa við bága félags- og efnahagsstöðu dragi úr getu foreldra til að mynda tengsl við aðra foreldra í hverfinu. En tengslanet foreldra getur haft mótandi áhrif á viðhorf og hegðun unglunga (Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 2007; Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, 2004).

Aðrar íslenskar rannsóknir hafa einnig sýnt að tengslanet foreldra í hverfasamfélaginu dregur úr áfengisneyslu (Kristjánsson, James, Allegrante, Sigfúsdóttir og Helgason, 2010; Þórólfur Þórlindsson, Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2007; Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórólfsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Welch, 2005), reykingum (Þórólfur Þórlindsson, Margrét Valdimarsdóttir og Stefán Hrafn Jónsson, 2012) og sjálfsvígshæðun unglunga (Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2009c).

Jafnframt hefur komið í ljós að unglingar sem búa í hverfum þar sem mikil átök ríkja á milli foreldra og barna eru líklegri til að neyta vímuefna, óháð þeirra eigin fjölskylduadstæðum (Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2009b). Tíðir búferlaflutningar í hverfum tengjast einnig afbrotum unglunga, enda draga þeir úr tengslum við hverfasamfélagið. Rannsókn Jóns Gunnars og Þórólfs (2007) sýndi að í þeim hverfum þar sem unglingar eyða miklum tíma með félögum sínum, án eftirlits foreldra, eru þeir líklegri til að brjóta af sér. Þetta samband er þó veikara meðal þeirra unglunga sem eiga foreldra sem tengjast unglingasamfélaginu (e. *intergenerational closure*). Niðurstöðurnar gefa því til kynna að tengslanet foreldra í hverfinu dragi úr afbrotum unglunga vegna þess að tengslin auki eftirlit með þeim.

Í félagsfræði er lögð áhersla á að upplifanir fólks af aðstæðum sínum sé háð félagslegu samhengi. Félagssfræðingar hafa bent á að í ríkum samfélögum, þar sem fátækt hefur almennt ekki í för með sér heimilisleysi eða verulegt hungur, getur ójöfnuður haft meiri áhrif en jafnvel fátæktin sjálf. Í anda þessara kenninga könnuðu Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2009a) hvort tengsl heimilisfátæktar við afbrotahegðun unglunga væru háð því hversu algeng fátækt væri í skólahverfinu þeirra. Niðurstöður sýndu að í skólahverfum þar sem fátækt er algeng hafði bág efnahagsstaða heimilisins veik tengsl við reiði og ofbeldishegðun unglunga. Aftur á móti hafði bág efnahagsstaða heimilis veruleg tengsl við reiði og ofbeldishegðun í hverfum þar sem fátækt var sjaldgæf. Jón Gunnar og samstarfsmenn (2009a) bentu á að einstaklingurinn hefði tilhneigingu til að bera sig saman við aðra í nærsamfélaginu og upplifi óréttlæti, reiði og vanmáttarkennd þegar hann telur sig líða skort í samanburði við aðra. Þessi rannsókn gefur til kynna að í íslensku samfélagi geti efnahagslegur ójöfnuður haft neikvæð áhrif á líðan og hegðun fólks.

Að lokum hefur kenningin um menningarkima ofbeldis (e. *subculture of violence*) verið prófuð með íslenskum unglíngagögnum. Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson (2005) komust að því að þau viðhorf sem unglingar hafa til ofbeldis hefðu töliverð áhrif á hvort unglingar beiti ofbeldi. En þeir komust líka að því að óháð eigin viðhorfum hafa viðhorf skólafélagana einnig áhrif á hegðun þeirra. Bæði strákar og stelpur sem réttlæta ofbeldi í

vissum aðstæðum eru líklegri til að hafa beitt ofbeldi. Strákar sem eiga vini sem þeir telja að horfi jákvæðum augum á beitingu ofbeldis eru líklegri til að hafa beitt því sjálfir, en þetta á ekki við um stelpur. Bæði strákar og stelpur sem búa í hverfum þar sem almennt er litið jákvæðum augum á ofbeldi eru líklegri til þess að hafa beitt ofbeldi sjálf, óháð þeirra eigin viðhorfum. Rannsókn Jóns Gunnars og Þórólfs (2005) styður þannig þá hugmynd „að líkur á árásarhegðun aukist þegar einstaklingurinn upplifir félagslegt samhengi með þeim hætti að árásarhegðun auki veg hans og virðingu“ (Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórólfsson, 2004, bls.109).

Þóroddur Bjarnason hefur í samstarfi við erlenda fræðimenn rannsakað hvernig formgerð samfélagsins skilyrðir ýmsa þekkta áhrifaþætti áfengisneyslu unglunga. Í þessum rannsóknum hefur komið í ljós að almennt eru unglingar sem neyta áfengis líklegri en aðrir til að lenda í slagsmálum, en sambandið er þó háð drykkjumenningu lands. Til að mynda drekka unglingar á Norðurlöndum ekki meira áfengi en aðrir unglingar í Evrópu, en á Norðurlöndum drekka unglingar oftár án eftirlits foreldra og verða oftár ölvaðir. Sambandið á milli áfengisdrykkju og ofbeldis er einmitt sterkara á Norðurlöndunum og í sumum Austur-Evrópu löndum en gengur og gerist annars staðar í Evrópu (Felson, Savolainen, Þóroddur Bjarnason, Anderson og Zohra, 2011). Jafnfram hafa erfiðar fjölskylduaðstæður sterkari áhrif á áfengisneyslu unglunga í þeim löndum þar sem aðgengi að áfengi er auðvelt heldur en í þeim löndum þar sem erfiðara er fyrir unglunga að nálgast áfengi (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2003).

Íslenskir rannsakendur hafa skoðað hvernig lífsstíll og tómstundastarf tengjast frávikshægðun unglunga, með kenningar um lífsstíl og tækifæri að leiðarljósi (e. *routine activity theory*). Til að mynda gerðu Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg (2006) tilraun til þess að samþætta afbrotufræðikenningar þegar þeir skoðuðu hvort lífsstíll og tómstundastarf skilyrtu áhrifin sem hegðun og viðhorf vinnuáhrifa hefðu á áfengisneyslu unglunga (þ.e. hvort fram kæmu „samvirkniáhrif“). Niðurstöður leiddu í ljós að unglingar sem eiga vini sem neyta áfengis og hafa jákvæð viðhorf til áfengis drekka meira áfengi en aðrir. „Vinnuáhrifin“ reyndust þó vera mun veikari meðal unglunga sem stunda íþróttir og annað félagsstarf. Þá hafa fræðimenn prófað álagsskenningar (e. *general strain theory*) og greint frá afleiðingum álags vegna margvíslegra erfiðleika á brotahegðun ungs fólks (Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álgeir Kristjánsson og Agnew, 2012). Til að mynda eru unglingar sem orðið hafa fyrir einelti líklegri til að vera reiðir og brjóta af sér. Þeir sem hafa tekið þátt í að beita einelti eru jafnframt líklegri til að brjóta af sér en aðrir unglingar (Inga Dóra Sigfúsdóttir, Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson, 2010). Loks benda rannsóknir til þess að erfiðar heimilisaðstæður, til dæmis fjölskyldusundurung og mikil áfengisneysla foreldra, ýta undir afbrotahægðun unglunga vegna þess að svona aðstæður draga úr tengslum milli foreldra og unglunga (Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, 2007).

Viðbrögð samfélagsins við afbrotum

Helgi Gunnlaugsson og ýmsir samstarfsmenn hans hafa á undanförunum árum rannsakað viðbrögð íslenska samfélagsins við afbrotum. Í þessum rannsóknum hefur verið einblínt á ótta almennings við afbrot og viðhorf til ólíkra brotaflokka og refsinga, auk þess sem umræður um afbrot í fjölmiðlum og um réttar- og refsistefnu stjórnvalda hafa verið greindar. Eins og fram kemur í þessum verkum tengjast þessir þættir að ákveðnu leyti. Til að mynda getur fjölmiðlaumræða aukið ótta og mótað viðhorf almennings til afbrota. Viðhorf almennings geta jafnframt mótað stefnu innan réttarkerfisins, sérstaklega ef viðhorfin fanga athygli fjölmiðla.

Ótti við afbrot getur haft margskonar áhrif á líf fólks án þess að það verði nokkurn tíma fyrir afbrotum sjálf. Erlendar rannsóknir sýna að ótti við afbrot hefur reyndar aðeins veika fylgni við raunverulega tíðni afbrota í samfélaginu (Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson, 2012).

Íslenskar rannsóknir á ótta almennings við afbrot eru í ágætu samræmi við erlendar rannsóknir. Konur, eldri aldurshópar og höfuðborgarbúar upplifa meiri ótta en aðrir, en aukin menntun fer saman með minni ótta við afbrot (Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson, 2012; Sædís Jana Jónsdóttir, Rannveig Þórisdóttir og Helgi Gunnlaugsson, 2015). Erlendis hefur komið fram að einstaklingar með lágar tekjur óttast afbrot meira en aðrir, en þetta virðist ekki eiga við hérlendis (Álfrgeir Kristjánsson, 2007). Rannsóknnum ber ekki saman um hvort brotaþolar upplifi meiri ótta en aðrir. Í rannsókn Jónasar Orra og Helga Gunnlaugssonar (2012) töldu fyrrum brotaþolar sig ekki óöruggari en aðrir, en Sædís Jana, Rannveig og Helgi (2015) fundu aftur á móti marktækt samband. Rannsóknirnar tvær voru svipaðar að flestu leyti, en rannsókn Sædísar og samstarfsmanna notaði stærra úrtak (samsett úr mælingum frá 1989). Fjöldi rannsókna benda til að ungir karlar séu líklegastir til að verða þolendur ofbeldis og annarra glæpa, sérstaklega utan heimilisins. Meiri ótti kvenna og eldra fólks er yfirleitt skýrður með því að þrátt fyrir að verða sjaldnar fórnarlömb afbrota upplifi þessir hópar meira varnarleysi. Konur eru til að mynda frekar aldar upp við þá hugmynd en karlar að þær þurfi að vera á varðbergi (Jónas Orri Jónsson og Helgi Gunnlaugsson, 2012, bls. 2).

Nokkuð hátt hlutfall Íslendinga telur afbrot vera mikið vandamál hérlendis. Þó upplifir hærra hlutfall Íslendinga sig örugga en gengur og gerist í nágrannalöndum. Öryggiskennd Íslendinga jókst töluvert frá árinu 1989 til 2005, en ekki hefur orðið mikil breyting á síðustu árum (Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson, 2012; 2013a; Sædís Jana Jónsdóttir, o.fl., 2015). Þangað til nýlega hafa Íslendingar talið fikniefnabrot vera alvarlegasta afbrotavandamálið á Íslandi. Þegar Íslendingar eru spurðir í könnunum hvaða afbrot þeir telji mesta vandamálið hér á landi hafa flestir um langa hríð nefnt fikniefnaneyslu eða fikniefnabrot. Enn fremur hafa þeir talið að neysla áfengis og fikniefna skýri tilvist annarra afbrota að miklu leyti (Helgi Gunnlaugsson, 2013). Nýlegar rannsóknir benda þó til breytinga. Árið 2013 nefndu flestir kynferðisbrot sem mesta afbrotavandamálið (Jónas Orri Jónsson og Helgi Gunnlaugsson, 2013) og árið 2015 nefndu flestir efnahagsbrot. Til samanburðar sögðu um 5 prósent svarenda í könnunum sem lagar voru fyrir árið 1997 og 2002 að efnahagsbrot væri alvarlegasta brotið á Íslandi, en 36 prósent árið 2015 (Helgi Gunnlaugsson og Jónas Orri Jónasson, 2015).

Telja má að viðhorf almennings til afbrota endurspegli að miklu leyti umræðu í fjölmiðlum hverju sinni, enda fá flestir Íslendingar (yfir 90%) upplýsingar um afbrot úr fjölmiðlum (Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir, 2005). Fjölmiðlar fjalla að jafnaði mest um ofbeldis- og fikniefnabrot (Helgi Gunnlaugsson, 2008; 2011; Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2000). Umræðan um kynferðisofbeldi gegn börnum hefur þó verið hávæð á undanförunum árum og vægar refsingar kynferðisbrotamanna gagnrýndar (Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson, 2013). Í kjölfar efnahagshrunsins hefur fjölmiðlaumræða um efnahagsbrot verið fyrirferðamikil. Skömmu áður en könnunin var lögð fyrir árið 2015 voru fjórir áhrifamiklir bankamenn dæmdir í fangelsi (Helgi Gunnlaugsson og Jónas Snorri, 2015).

Helgi Gunnlaugsson hefur í samstarfi við norræna fræðimenn staðið að viðamikilli rannsókn á viðhorfum til refsinga. Þessu samnorræna verkefni var ætlað að varpa ljósi á viðhorf almennings til refsidóma. Gerð var könnun þar sem svarendur voru beðnir um að dæma í nokkrum mismunandi málum. Í grófum dráttum fengu svarendur sömu upplýsingar um málin og dómarrar venjulega hafa, án þess þó að fá upplýsingar um hver refsihæfðin væri né hvaða refsingu saksóknari myndi fara fram á. Gagnaöflun á Íslandi fór fram með síma-könnun meðal 650 Íslendinga, póstkönnun með 1300 svarendum og 12 rýnihópum með samtals 106 þátttakendum. Þátttakendur voru valdir með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur fengu lýsingu á 6 dæmigerðum málum; heimilisofbeldi, fikniefnasmygli, vopnuðu ráni,

nauðgun, fjárdrætti og slagsmálum sem leiddu til alvarlegs áverka. Svarendur voru beðnir um að segja hvaða refsingu þeir myndu sjálfir velja, hvaða refsingu þeir teldu að fólk almennt myndi velja, og hvaða refsingu það teldi að dómarráðgjafar myndu velja. Auk þess voru þrjár reyndir héraðsdómarráðgjafar fengnir til að dæma í þessum sömu dómsmálum.

Í stuttu máli sýndu niðurstöður að Íslendingar telja almennt refsingar of mildar, þeir vilja sjá lengri fangelsisdóma, sérstaklega fyrir ofbeldisglæpi. Heldur fleiri Íslendingar telja refsingar of mildar heldur gengur og gerist meðal Svía, Dana og Norðmanna. Athygli vakti að meirihluti svarenda valdi fangelsisdóm í öllum málum nema í heimilisofbeldismálinu, þar sem rétt yfir helmingur valdi aðra refsingu (t.d. skilorðsbundin dóm). En eftir að þátttakendur fengu ítarlegri upplýsingar um sakborninga (t.d. um að sá sem framið hafði vopnað rán væri fíkniefnaneytandi) mildaðist refsigleðin; færri vildu fangelsisdóm og lengd dómanna styttest í mörgum tilfellum. Loks leiddu niðurstöður í ljós að meirihluti svarenda vildi sjá mildari refsingar en héraðsdómarráðgjafarnir. Draga má þá ályktun að Íslendingar vilji herða refsingar við afbrotum vegna þess að þeir vanmeta raunverulega refsipýngd dómstóla hérlendis (Ágústa Edda Björnsdóttir og Helgi Gunnlaugsson, 2010; Balvig, Gunnlaugsson, Jerre, Tham og Kinnunen, 2015; Helgi Gunnlaugsson, 2011; 2012; 2015; Helgi Gunnlaugsson og Snorri Örn Árnason, 2010).

Í anda áttakeninga skoðuðu Helgi Gunnlaugsson og Snorri Örn Árnason (2012) hvort kynferði eða þjófðerni brotamannsins hefði áhrif á afstöðu Íslendinga til refsipýngdar. Í réttarríki á eingöngu alvarleiki brotsins og fyrri brotasaga að ákvarða þýngd refsingar, en ekki persónuleg eða félagsleg einkenni sakbornings. Töluverð hefð er fyrir því í erlendum rannsóknum að skoða hvort minnihlutahópar og aðrir sem hafa bága félags- og efnahagsstöðu fái annarskonar meðferð í réttarkerfinu en betur staðir hópar (sjá yfirlit í Bishop, 2005). En íslenska rannsóknin leiddi í ljós lítinn mun á refsipýngd eftir því hvort gerandinn var Íslendingur eða útlendingur. Aftur á móti vildu svarendur að jafnaði dæma karlmenn til lengri fangelsisvistar en konur, fyrir sambærileg brot (Helgi Gunnlaugsson og Snorri Örn Árnason, 2012).

Fangelsisdómum hefur fjölgað töluvert á Íslandi undanfarin ár og fangelsisdómar hafa lengst. Fleiri eru dæmdir fyrir fíkniefna og kynferðisbrot en áður (Helgi Gunnlaugsson, 2012; Ragnheiður Bragadóttir, 2009). Samkvæmt opinberum tölum skýrir fjölgun brota í samfélaginu ekki þessa aukningu. Ástæður fjölgunar dóma gætu því legið í breyttri refsipólítík. Gagnrýni á dómstólana fyrir milda dóma hefur verið hávær í samfélaginu og líklega hafa kröfur um hertar refsingar frá almenningi, opinber umfjöllun og grasrótarsamtök haft áhrif á þessa þróun (Helgi Gunnlaugsson og Snorri Örn Árnason, 2010, bls. 1-2).

Í þessu ljósi hafa Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson (2014, bls. 369) velt því upp hvort segja megi að *siðfár* (e. *moral panic*) hafi átt sér stað í íslensku samfélagi, sérstaklega varðandi fíkniefnabrotin. Í fræðunum er talað um að siðfár eigi sér stað þegar ákveðin félagsleg vandamál fái skyndilega mikla fjölmiðlaumfjöllun sem aftur skapi mikla umræðu í samfélaginu. Þegar þetta gerist krefjist margir þess að eitthvað sér gert til að sporna við ógninni, þótt ógnin sé jafnvel í litlu samhengi við raunverulega útbreiðslu vandans (sjá Helgi Gunnlaugsson, 2009; 2013; Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 2010). Siðfár af þessu tagi eru vel þekkt fyrirbæri erlendis. Bandarískir fræðimenn hafa til að mynda rætt hvernig siðfár vegna fíkniefnaneyslu á 8. og 9. áratug síðustu aldar leiddi til gríðarlegrar hækkunar í fangels-anatíðni í Bandaríkjunum. Þessar rannsóknir eru staðsettar innan áttakeninga og samskiptasjónarhornsins þar sem þær einblína á afleiðingar sem *viðbrögð* við afbrotahæðun hafa, fremur en að skoða hvers vegna afbrotin eiga sér stað. Bent er á að valdamiklir hópar í samfélaginu hafi greiðan aðgang að fjölmiðlum og hafi þannig mikil áhrif á viðhorf almennings til mismunandi brotaflokkanna (Tonry, 2004).

Jónas Orri og Helgi Gunnlaugsson (2014) notuðu blaðgreinar frá árunum 1992 til 1997 til að greina þá umfjöllun sem átti sér stað um e-töfluna á þessum árum og ályktuðu að einkenni siðfars hafi verið nokkuð greinilegt á Íslandi í þessu máli. Í fjölmiðlum voru atburðir „afbakaðir og ýktir“ (bls. 379).

Greint var frá sjaldgæfum afleiðingum neyslunnar eins og þær væru tíðar og í raun regla en ekki undantekning.... Af orðræðunni að dæma mátti halda að neysla e-taflna væri mjög útbreidd og að flest ungmenni hefðu einhvern tímann fíktað við efnið, kannanir sýndu þó annað. Krafa um aðgerðir stjórnvalda, undirskriftalistar og krafa um hertar refsingar komu fram.... Stjórnvöld svöruðu ákalli almennings. Auknu fjármagni var veitt til lögreglunnar og ný lög voru sett sem juku rannsóknarheildir hennar. ... Í kjölfarið fóru refsingar að þyngjast hér á landi (Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson, 2014, bls. 379).

Eins og Jónas Orri og Helgi (2014) benda á er rannsóknnum af þessu tagi ekki ætlað að gera lítið úr þeim raunverulega vanda sem fíkniefnaneysla getur valdið. Áherslan er á að greina hvernig ofuráhersla á einstök félagsleg vandamál geta valdið tímabundnum ótta og bráðræði og hver langtímaáhrifin geta orðið. Vissulega er erfitt að meta hvenær viðbrögð eru óeðlileg og hvenær tala má um að siðfár eigi sér stað. Vera má að mikil og ýkt umræða fjölmiðla dragi úr vandanum, til að mynda neyslu tiltekins fíkniefnis. En líklegt er að umræðan á Íslandi á tíunda áratugnum hafi leitt til að refsingar við fíkniefnabrotum fóru að þyngjast héraendis (Helgi Gunnlaugsson, 2013; Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson, 2014).

Færa má rök fyrir því að í lýðræðisríkjum eigi refsistefna stjórnvalda að endurspeglar viðhorf almennings og þetta virðist vissulega vera raunin á Íslandi. Til að mynda er lítil stuðningur meðal Íslendinga við því að neysla fíkniefna verði gerð refsilaus með öllu. Þá er meirihluti Íslendinga fylgjandi því að vændiskaup séu refsiverð, en það samræmist laga-breytingu þess efnis árið 2009 (Helgi Gunnlaugsson og Jónas Orri Jónasson, 2014, 2015). Í þessu sambandi ber að hafa í huga að almenningur verður fyrir miklum áhrifum af fjölmiðla-umfjöllun sem oft er einsleit og dramatísk (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Það er því mikilvægt að „stjórnkerfið búi yfir traustri fagþekkingu og nálgist málin á yfirvegaðan og raunsæjan hátt“ (Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson, 2014, bls. 380-381).

Loks má nefna að smán (e. *stigma*) afbrotamanna hefur á síðustu árum fengið aukna athygli í afbrotafraeðinni, enda hefur sú kenning að afbrotastimplun geti ýtt fólki lengra út á jaðar samfélagsins og þannig leitt til langvarandi afbrotiferils fengið stuðning í rannsóknnum erlendis (Jón Gunnar Bernburg og Krohn, 2003; Jón Gunnar Bernburg, Krohn og Rivera, 2006; Lopes o.fl., 2013). Þótt lítið hafi verið gert af svona rannsóknnum héraendis má nefna rannsókn Jóns Gunnars Bernburgs (2005), en hann tók eigindleg viðtöl við 25 karlmenn sem allir höfðu fengið dóm fyrir ýmis brot og því fengið á sig afbrotastimplil. Markmið Jóns Gunnars var að ná fram lýsingu á reynslu stimplaðra einstaklinga, þá sérstaklega á upplifun þeirra á viðbrögðum annarra. Fram kom að þeir sem hafa verið „stimplaðir“ sem afbrotamenn eða vandræðaunglingar upplifa oft þvingað viðmót í samskiptum við aðra. Þá kom fram að stimplaðir afbrotamenn eru meðvitaðir um staðalímyndir og gera því oft ráð fyrir neikvæðu viðmóti. Væntingar um neikvæð viðbrögð annarra hefur því slæm áhrif á sjálfsmynd og samfélagslega þátttöku þessara einstaklinga. Svo virtist sem svona væntingar drægju úr ásókn þessara stimpluðu einstaklinga í félagsleg tengsl, auk þess sem vísbendingar komu fram um að þeir treystu sér ekki til þess að fara í sókn á vinnumarkaði, af ótta við höfnun.

Nýjar/aðrar áherslur í rannsóknum á Íslandi

Eftir því sem umræða um kynferðisofbeldi gegn börnum hefur orðið æ meira áberandi í fjölmiðlum hafa íslenskir rannsakendur í auknum mæli tekið að beina sjónum sínum að þessum brotum. Á síðustu árum hafa komið fram íslenskar rannsóknir á kynferðisofbeldi gegn börnum og á ofbeldi gegn konum, sérstaklega heimilisofbeldi. Fram hefur komið að um 11 til 12 prósent íslenskra unglinga hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku, um 17 prósent stúlkna og sex prósent drengja (Gault-Sherman, Silver og Sigfúsdóttir, 2009). Sambærilegt hlutfall hefur komið fram í erlendum rannsóknum. Rannsóknir á íslenskum ungl-ingum benda enn fremur til þess að kynferðisofbeldi sem fólk verður fyrir í æsku og annað ofbeldi innan fjölskyldunnar geti leitt til aukinnar fíkniefnaneyslu, sjálfsvígstilrauna, átrösk-unar og annarrar sjálfsskaðandi hegðunar á unglingsárum. Ofbeldi í æsku hefur svipuð áhrif á stráka og stelpur. Algengara er að strákar upplifi reiði en stúlkur þunglyndi, en hvoru tveggja ýtir undir til sjálfsskaðandi hegðun (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Gísli H. Guðjónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Friðrik Sigurðsson, 2011; Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Gísli H. Guðjónsson, og Jón Friðrik Sigurðsson, 2008).

Svala Ísfeld Ólafsdóttir (2011) ritstýrði nýlega bók um kynferðisofbeldi gegn börnum. Bókin inniheldur fjölda greina eftir sérfræðinga á mismunandi sviðum þar sem fjallað er um langtíma afleiðingar kynferðisofbeldis, löggjöf og málsmeðferðir og einkenni gerenda. Ingólfur Gíslason (2008) gerði úttekt á orsökum og afleiðingum ofbeldis í nánum sambönd-um. Ingólfur bendir á að orsakir heimilisofbeldis eru ekki eingöngu bundnar við einstaklinga heldur eiga þær sér einnig samfélagslegar skýringar. Rannsóknir hafi sýnt að efnahagsástand, afstaða hins opinbera til ofbeldis, almenn réttindi kvenna og viðhorf til kvenna í samfélaginu tengjast tíðni heimilisofbeldis. Þetta rímar við rannsóknaniðurstöður sem benda til þess að dregið hafi úr heimilisofbeldi á síðustu áratugum. Jafnframt er almennt talið að tíðni heimilisofbeldis sé lægri á Norðurlöndunum þar sem staða kvenna er betri en í mörgum öðrum löndum. Í rannsókn Ingólfs kom fram að um 14 prósent íslenskra kvenna hefði verið beitt líkamlegu ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka einhvertímamann á ævinni, en um fjögur prósent karla (bls. 65). Loks notuðu Rannveig Þórisdóttir og Guðbjörg Bergsdóttir (2009) lögregluskýrslur til að skoða afbrotakerfi þeirra sem hafa verið grunaðir um heimilisofbeldi. Niðurstöður leiddu í ljós að nokkuð hátt hlutfall grunaðra hafði verið ákærður fyrir ofbeldi eða annarskonar brot áður. Jafnframt kom í ljós að oft var um endurtekið heimilisofbeldi að ræða.

Hildigunnur Ólafsdóttir (2006) greindi hæstaréttadóma ofbeldisbrota sem framin voru á veitingastöðum (börum og skemmtistöðum) eða í næsta nágrenni á tímabilinu 1990 til 2005. Hildigunnur komst að því að ofbeldið var mjög kynbundið og aldurstengt. Í nánast öllum dómum voru bæði ofbeldismaður og brotþoli karlar á þrítugsaldri sem þekktust ekki eða lítið fyrir atvikið. Fæstir ofbeldismannanna áttu langan sakaferil að baki, en um þriðjungur hafði verið dæmdur áður fyrir minniháttar brot á umferðar- eða áfengislögum. Brotþolar áttu oft upptökin að ágreiningi með því að vera ögrandi í tali eða í hegðun. Tilefni brotsins virtist oft vera lítilvægt í augum annarra en árásarmannsins, móðgandi ummæli eða ýtingar. Hildigunn-ur ályktaði að lítilvægilegur ágreiningur meðal ungra manna hafi tilhneigingu til að leiða til slagsmála vegna þeirra hugmynda sem þeir hafi um karlmennsku. Á opinberum stöðum, eins og á skemmtistöðum, þyki ungum mönnum mikilvægt að vernda orðspor sitt, að þeir láti ekki vaða yfir sig. Undir áhrifum áfengis hafi viðbrögð við ágreiningi tilhneigingu til að verða ýkt.

Á Íslandi eins og í öðrum löndum eru fáar rannsóknir sem beina sjónum sínum að afbrotum í viðskiptalífinu. Þetta er í samræmi við gagnrýni fræðimanna innan átakasjónar-hornsins á að bæði rannsakendur og réttarkerfið hafi tilhneigingu til að leggja áherslu á brot

sem eru framin af þeim sem búa við bága félags- og efnahagsstöðu, en litið sé framhjá brotum valdameiri hópa innan samfélagsins (Reiman, 1984). Snorri Örn Árnason og Helgi Gunnlaugsson (2006) bættu úr skorti á rannsóknum á viðskiptabrotum með því að kanna sérstaklega hvaða þættir auka hættuna á ólögum viðskiptaháttum stórfyrirtækja á Íslandi. Rannsóknin byggði á ítarlegum viðtölum við tíu millistjórnendur og stjórnendur fyrirtækja. Í anda kenninga Durkheims, bentu Snorri og Helgi á að í kjölfar samþykktar EES samningsins hefðu orðið hraðar breytingar á viðskiptaháttum á Íslandi sem leiddu til siðrofs innan íslenskra stórfyrirtækja. Með öðrum orðum, hraðar breytingar juku óvissu um viðeigandi gildi og reglur. Eins og Merton (1938) benti á getur menningarlegt misræmi milli áherslunnar á efnahagslegan hagnað og lögmætra leiða leitt til aukinna afbrota. Í viðtölum Snorra og Helga mátti einmitt greina sterkar arðsemiskröfur innan fyrirtækjanna og að viðmælendur upplifðu mörg „grá svæði“ eða óvissu um mörk lögmætra og siðlegra viðskiptahátta (sjá einnig Snorri Örn Árnason, 2009).

Lokaorð

Í alþjóðlegum samanburði eiga afbrotafræðirannsóknir enn nokkuð stutta sögu á Íslandi. Íslensk afbrotafræði, sem má segja að hafi fæðst í byrjun níunda áratugarins (Jón Gunnar Bernburg, 2004), hefur að miklu leyti þróast í samræmi við þær hefðir sem félagsfræðingar hafa komið með þegar þeir hafa snúið tilbaka úr doktorsnámi erlendis. Á tíunda áratugnum leiddi Þórólfur Þórlindsson viðamikla gagnaöflun á lífsháttum íslenskra unglunga sem ruddi veginn fyrir umfangsmiklar rannsóknir á íslenskum unglungum næstu tvo áratugina. Sérstaklega má nefna alþjóðlegt erindi íslenskra rannsókna á samhengisáhrifum, en þær hafa leitt í ljós hvernig félagsleg samsetning nærsamfélagsins mótast líðan og hegðun unglunga óháð þeirra eigin heimilisástandum, í samræmi við kenningar um félagslega óreiðu (e. *social disorganization*) og félagsauð (e. *social capital*). (Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson 2007; Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg 2015; Þóroddur Bjarnason o.fl. 2005).

Helgi Gunnlaugsson kynnti Íslendinga fyrir rannsóknum á sviði félagslegrar sköpunar (e. *social constructionism*), einkum með rannsókn sinni á bjórbanninu (Helgi Gunnlaugsson og Galliher, 1986). Á undanförunum árum hefur Helgi Gunnlaugsson haldið áfram að bæta við þekkingu á viðbrögðum samfélagsins við afbrotum. Í samstarfi við ýmsa fræðimenn hefur Helgi staðið að rannsóknum á viðhorfum almennings til refsinga. Þessar rannsóknir hafa leitt í ljós að Íslendingar upplifa almennt afbrot sem alvarlegt vandamál sem þurfi að taka fastari tókum. En nánari athugun leiðir í ljós að almenningur er í raun ekki refsiglaðari en starfandi dómara, heldur vanmeti Íslendingar refsipýngd íslenskra dómstóla (t.d. Helgi Gunnlaugsson, 2015).

Þeir sem stunda reglulegar rannsóknir á afbrotum hérlendis eru fáir og því er meiri einsleitni í íslenskum rannsóknum en víða erlendis. Þó ber að nefna að íslenskar rannsóknir eru nokkuð fjölbreyttar að því leyti að hér hafa verið gerðar rannsóknir sem falla undir flest félags- og afbrotafræðileg sjónarhorn. Það hefur jafnframt borið á fjölbreytni í gagnaöflun og greiningu gagna. Rannsakendur hafa notast við spurningakannanir, opinber gögn, orðræðugreiningu fjölmiðla, rýnihópa og tekið ítarleg viðtöl með eigindlegri aðferð. Íslenskar rannsóknir á þessu sviði standa jafnframt framarlega að því leyti að stór hluti þeirra hefur birst í virtum alþjóðlegum vísindatímaritum.

Eftir stofnun Fangelsismálastofnunar ríkisins árið 1989 og embættis ríkislögreglustjóra árið 1998 hefur skráning og aðgengi að opinberum gögnum um afbrot batnað mikið (Helgi Gunnlaugsson, 2004). Á síðustu árum hefur lögreglan staðið fyrir árlegum spurningakönn-

unum þar sem kannaðir hafa verið ýmsir þættir er tengjast afbrotum og viðhorfum til afbrota og lögreglu. Ríkislögreglustjóri og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu senda frá sér mánaðarlegar skýrslur um þróun afbrota. Allir Hæstaréttardómar hafa verið aðgengilegir á netinu á undanförunum árum. Auk þess er hægt að nálgast nokkuð ítarlegar upplýsingar um skráð afbrot og fanga á Íslandi á vef Hagstofu Íslands. Á þeim vef er hægt er að skoða breytingar milli ára og svæða á landinu, kynjaskiptingu og aldursdreifingu brotamanna og tilefni fangelsisvistar. Lögreglan hefur oft veitt rannsakendum aðgang að upplýsingum sem ekki eru birtar opinberlega. Að þessu leyti hefur gott samstarf lögreglu og fræðasamfélagsins verið mikils virði.

En eins og vel er þekkt er einungis að finna upplýsingar um hluta af þeim brotum sem framin eru í samfélaginu í gögnum lögreglu. Sú hætta er jafnframt fyrir hendi að í lögreglugögnum sé kerfisbundin skekkja í vanmati á tíðni afbrota. Það má vera að lögreglan leggi áherslu á ákveðna tegund afbrota eða afbrot sem framin eru af ákveðnum hópum í samfélaginu (Margrét Valdimarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir, 2008). Það er því mikilvægt að rannsakendur hafi aðgang að annarskonar gögnum. Rannsóknir og greining hefur staðið fyrir reglulegum spurningakönnunum á líðan, hegðun, og aðstæðum grunn- og framhaldsskólanema frá árinu 1999. Frá árinu 2003 hefur Ísland jafnframt tekið þátt í evrópsku rannsóknarverkefni (ESPAD) sem hefur staðið fyrir sambærilegri gagnaöflun á högum ungs fólks í 40 löndum. Þetta evrópska verkefni er mikilvægt því það gefur færi á að gera samanburð á íslenskum og öðrum evrópskum unglingum. Ísland hefur aðeins einu sinni tekið þátt í Alþjóðlegu fórnarlambakönnuninni, en áframhaldandi þátttaka skiptir sköpum fyrir framgang íslenskra rannsókna. En fræðimenn þurfa líka að safna sínum eigin gögnum til þess að geta hannað mælingar sem henta til að reynsluprófa kenningar. Því þrátt fyrir að rannsóknir á afbrotum séu hagnýtar eru þær jafnframt hluti af fræðilegum rannsóknum í félagsfræði.

Heimildaskrá

- Ágústa Edda Björnsdóttir og Helgi Gunnlaugsson. 2010. Vilja Íslendingar harðari refsingar en dómstólar? Bls.12-21 í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XI*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Álfgeir Kristjánsson. 2007. On social equality and perceptions of insecurity: A comparison study between two European countries. *European Journal of Criminology*, 4(1), 59-86.
- Álfgeir Kristjánsson, Jack E. James, John P. Allegrante, Inga Dóra Sigfúsdóttir, og Ásgeir R. Helgason. 2010. Adolescent substance use, parental monitoring, and leisure-time activities: 12 year outcomes of primary prevention in Iceland. *Preventive Medicine*, 51 (2), 168-171.
- Balvig, Flemming, Helgi Gunnlaugsson, Kristina Jerre, Henrik Tham, og Aarne Kinnunen. 2015. The public sense of justice in Scandinavia: A study of attitudes toward punishment. *European Journal of Criminology*, 12(3), 342-361.
- Bishop, Donna M. (2005). *The role of race and ethnicity in juvenile justice processing*. Bls. 23-82 í Darnell F. Hawkins and Kimberly Kempf-Leonard (ritstj.), *Our Children, Their Children: Confronting Racial and Ethnic Differences in American Juvenile Justice*. Chicago, IL: The University of Chicago Press.
- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson. 2011. Association between sexual abuse and family conflict/violence, self-injurious behavior, and substance use: The mediating role of depressed mood and anger. *Child Abuse & Neglect*, 35(3), 210-219.

- Dijk van, Jan. 2011. Quantitative criminology: Crime and justice statistics across nations. Bls. 3-52 í C. J. Smith, X. S. Zhang, og R. Barberet (ritstj.), *Routledge Handbook of Criminology: An International Perspective*. London, England: Routledge.
- Felson, Richard B., Jukka Savolainen, Þóroddur Bjarnason, Amy L. Anderson, og I. Tusty Zohra. 2011. The cultural context of adolescent drinking and violence in 30 European countries. *Criminology*, 49(3), 699-728.
- Gault-Sherman, Martha, Eric Silver, og Inga Dóra Sigfúsdóttir. Gender and the associated impairments of childhood sexual abuse: A national study of Icelandic Youth. *Social Science & Medicine*, 69, 1515-1522.
- Helgi Gunnlaugsson. 2004. Afbrot á Íslandi: Eðli, þróun og skýringar. Bls. 89-100 í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Gunnlaugsson. 2008. Ofbeldi, miðborgin og umfjöllun fjölmiðla. Bls. 223-234 í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IX*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Helgi Gunnlaugsson. 2009. Lögleiðing bjórs á Íslandi: Félagsleg áttakamynstur og afnám bannsins. Bls. 61-71 í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum X*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Helgi Gunnlaugsson. 2011. Vilja íslendingar harðari refsingar en dómara fyrir efnahagsbrot og kynferðisbrot gegn börnum? Bls. 271-279 í Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XII*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Helgi Gunnlaugsson. (2012). No room at the inn: Punitive development and economic turbulence in Iceland in the 2000's. Í Johansen, P. O. og Gunnlaugsson, H. (ritstj.), *When the Unforeseen is Seen: NSFK Workshop in Reykjavik 2009 & 2011*. Reykjavík: The Scandinavian Research Council for Criminology.
- Helgi Gunnlaugsson. (2013). Fíkniefni, íslenskt samfélag og nýjir kostir í stefnumótun. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 2(9), 395-414.
- Helgi Gunnlaugsson. 2015. Are the criminal courts more lenient than the public? A case study from Iceland. Bls. 99-114 í Helmut Kury (ritstj.), *Punitivity and Punishment: Results from different countries, vol. 10*. Bochum, Þýskaland: Universitätsverlag Dr. N. Brockmeyer.
- Helgi Gunnlaugsson og John F. Galliher. 1986. Prohibition of beer in Iceland: An international test of symbolic politics. *Law & Society Review*, 20(3), 335-354.
- Helgi Gunnlaugsson og John F. Galliher. 2010. Drug globalization: Eventual legalization of beer in Iceland and marijuana decriminalization in the USA. *Journal of Scandinavian Studies in Criminology and Crime Prevention*, 11(2), 119-134.
- Helgi Gunnlaugsson og Jónas Orri Jónasson. 2014. Gegur afstaða Íslendinga í berhögg við ríkjandi refsipólítík. Bls. 1-9 í Helga Ólafsdóttir og Thamar M. Heijstra (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XV*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Helgi Gunnlaugsson og Jónas Orri Jónasson. 2015. Réttartilfinning borgaranna: Vilja Íslendingar refsa fyrir vændi og neyslu fíkniefna? Bls. 1-12 í Helga Ólafsdóttir og Thamar M. Heijstra (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XVI*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Helgi Gunnlaugsson og Snorri Örn Árnason. 2010. Afbrot og refsingar: Íslendingar í dómarsæti. Bls. 86-95 í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XI*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Helgi Gunnlaugsson og Snorri Örn Árnason. 2012. Hefur kyn eða þjóðerni brotamanns áhrif á afstöðu Íslendinga til refsinga? Bls. 1-11 í Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir

- (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XIII*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hibell, Björn, Ulf Guttormsson, Salme Ahlström, Olga Balakireva, Þóroddur Bjarnason, Anna Kokkevi, og Ludwig Kraus. 2012. *The 2011 ESPAD Report Substance Use Among Students in 36 European Countries*. Stokkhólmur: ESPAD. Sótt 23. Janúar af http://www.espad.org/uploads/espad_reports/2011/the_2011_espad_report_full_2012_10_29.pdf
- Hildigunnur Ólafsdóttir. 2006. Veitingastaðir sem vettvangur ofbeldis. Bls. 157-195 í Eyvindur G. Gunnarsson (ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum VII*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Kristjánsson og Robert Agnew. 2012. A comparative analysis of general strain theory. *Journal of Criminal Justice*, 40(2), 117-127.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Gísli H. Guðjónsson og Friðrik Sigurðsson. 2008. A model of sexual abuse's effects on suicidal behavior and delinquency: The role of emotions as mediating factors. *Journal of Youth & Adolescence*, 37(6), 699-712.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson. 2010. Bullying and delinquency: The mediating role of anger. *Personality and individual differences*, 48, 391-396.
- Ingólfur V. Gíslason. 2008. *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík: Félgs- og menntamálaráðuneytið.
- Jón Gunnar Bernburg. 2004. Afbrot og önnur frávik: Yfirlit um fræðin og íslenskar rannsóknir. Bls. 266-287 í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.), *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jón Gunnar Bernburg. 2005. Aðstæðubundin brennimerking og brothætt sjálfsmýnd. Bls. 111-121 í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VI*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Gunnar Bernburg & Marvin D. Krohn (2003). Labeling, life chances, and adult crime: The direct and indirect effects of official intervention in adolescence on crime in early adulthood. *Criminology*, 41, 1287-1317.
- Jón Gunnar Bernburg, Marvin D. Krohn & Craig Rivera (2006). Official labeling, criminal embeddedness, and subsequent delinquency: A longitudinal test of labeling theory. *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 43, 67-88
- Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson. 2004. „Ég er engin gunga“: Fjölstigagreining á félagslegu samhengi ofbeldis. Bls. 103-112 í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson. 2005. Violent values, conduct norms, and youth aggression: A multilevel study in Iceland. *The Sociological Quarterly*, 46(3), 457-478.
- Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson. 2007. Community structure and adolescent delinquency in Iceland: a contextual analysis. *Criminology*, 45(2), 415-444.
- Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2009a). Relative deprivation and adolescent outcomes in Iceland: A multilevel test. *Social Forces*, 87(3), 1223-1250.
- Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2009b). The neighborhood effects of disrupted family processes on adolescent substance use. *Social Science & Medicine*, 69(1), 129-137.

- Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2009b). The spreading of suicidal behavior: The contextual effect of community household poverty on adolescent suicidal behavior and the mediating role of suicide suggestion. *Social science & medicine*, 68(2), 380-389.
- Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson. 2012. Hvefir óttast mest afbrot á Íslandi. Bls. 1-14 í Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XIII*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson. 2013. Þróun viðhorfa Íslendinga til afbrota: Samanburður frá 1989-2013. Bls. 1-10 í Helga Ólafs og Thamar Melanie Heijstra (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XIV*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson. 2014. Siðfár í íslensku samfélagi? Koma e-þöflunnar til Íslands. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 10(2), 367-384.
- Lopes, G., Krohn, M., Lizotte, A. J., Vásquez, B. E., Schmidt, N. M., & Jón Gunnar Bernburg (2012). Labeling and cumulative disadvantage: The impact of official intervention on life chances and crime in emerging adulthood. *Crime & Delinquency*, 58(3), 456-488.
- Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. 2007. Heimilisaðstæður, félagsleg tengsl og frávikshæðun unglunga. Bls. 181-188 í Gunnar Þór Jóhannsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Margrét Valdimarsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. 2015. Community disadvantage, parental network, and commitment to social norms: Multilevel study of self-reported delinquency in Iceland. *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 52(2), 213-244.
- Margrét Valdimarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir. 2008. Mælingar á afbrotum unglunga. Bls. 305-316 í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IX*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Merton, Robert K. 1938. Social structure and anomie. *American Sociological Review*, 3(5), 672-82.
- Ragnheiður Bragadóttir. 2009. *Kynferðisbrot: Dómabók*. Reykjavík: Codex.
- Rannveig Þórisdóttir og Guðbjörg Bergsdóttir. 2009. Afbrotaferill grunaðra í heimilisofbeldismálum-könnun á gögnum lögreglu. Bls. 73-83 í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Rannveig Þórisdóttir og Helgi Gunnlaugsson. 2007a. Eru afbrot á Íslandi fátíðari en í öðrum löndum? Bls. 189-196 í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Rannveig Þórisdóttir og Helgi Gunnlaugsson. 2007b. Victimization in Iceland and consumer fraud. Bls. 70-77 í Kauko Aromaa og Markku Heiskanen (ritstj.), *Victimisation surveys in comparative perspective: Papers from the Stockholm Criminology Symposium*. Helsinki: European Institute for Crime Prevention and Control, affiliated with the United Nations (HEUNI).
- Rannveig Þórisdóttir, Helgi Gunnlaugsson og Vilborg Magnúsdóttir. 2005. *Brotapolar, lögreglan og öryggi borgaranna*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórn og Háskólaútgáfan.
- Reiman, Jeffrey H. 1984. *The rich get richer and the poor get prison*. New York: Wiley.
- Snorri Örn Árnason og Helgi Gunnlaugsson. 2006. „Það er ótrúleg pressa þarna úti“ : Gráa svæðið í íslensku viðskiptalífi. Bls. 353-363 í Inngjaldur Hannibalsson (ritstj.),

- Rannsóknir í félagsvísindum VII*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sædis Jana Jónsdóttir, Rannveig Þórisdóttir og Helgi Gunnlaugsson. 2015. Ótti við afbrot. Skiptir aldur máli? Bls. 1-14 í Helga Ólafsdóttir og Thamar M. Heijstra, *Rannsóknir í félagsvísindum XVI*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Snorri Örn Árnason. 2009. Efnahagsbrot og efnahagskreppa: Urbætur á íslenska eftirlitskerfinu. Bls. 85-97 í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Svala Ísfeld Ólafsdóttir. 2011. *Hinn launhelgi glæpur: Kynferðisbrot gegn börnum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þóroddur Bjarnason, Barbro Andersson, Marie Choquet, Zsuzsanna Elekes, Mark Morgan, og Gertrude Rapinett. 2003. Alcohol culture, family structure and adolescent alcohol use: multilevel modeling of frequency of heavy drinking among 15-16 year old students in 11 European countries. *Journal of Studies on Alcohol*, 64(2), 200-208.
- Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfusdóttir og Michael R. Welch. 2005. Familial and religious influences on adolescent alcohol use: A multi-level study of students and school communities. *Social Forces*, 84(1), 375-390.
- Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg. 2004. Durkheim's theory of social order and deviance: A Multi-level test. *European Sociological Review*, 20(4), 271-285.
- Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg. 2006. Peer groups and substance use: Examining the direct and interactive effect of leisure activity. *Adolescence*, 41(162), 321-339.
- Þórólfur Þórlindsson, Margrét Valdimarsdóttir og Stefán Hrafn Jónsson. 2012. Community social structure, social capital and adolescent smoking: A multi-level analysis. *Health & Place*, 18, 796-804
- Þórólfur Þórlindsson, Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfusdóttir. 2007. Individual and community processes of social closure: A study of adolescent academic achievement and alcohol use. *Acta Sociologica*, 50(2), 161-178.
- Tonry, Michael. 2004. *Thinking about crime: Sense and sensibility in American penal culture*. Oxford, UK: Oxford University Press.
- UNOCD. (2013). *Global study on homicide*. Vienna: Austria. Sótt í janúar 2016 frá https://www.unodc.org/documents/gsh/pdfs/2014_GLOBAL_HOMICIDE_BOOK_web.pdf
- UNODC. (2016). Statistics. Sótt í október 2017 af <https://www.unodc.org/unodc/en/data-and-analysis/statistics/crime.html>

Um höfunda

Margrét Valdimarsdóttir er að ljúka doktorsprófi í afbrotufræði frá háskóla New York borgar (City University of New York). Margrét er með BA-og MA-próf í félagsfræði frá Háskóla Íslands. Margrét starfar sem forstöðumaður Rannsóknastofnu í afbrotufræði undir Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Rannsóknir Margrétar einblína fyrst og fremst á afbrot og ofbeldi unglinga. Doktorsrannsókn Margrétar skoðar áhrif refsinga og stimulunar.

Jón Gunnar Bernburg (bernburg@hi.is) lauk Ph.D.-prófi í félagsfræði frá háskóla New York ríkis árið 2002 og BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1996. Hann er nú prófessor í félagsfræði við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Helstu rannsóknarsvið Jóns Gunnars eru félagsleg lagskipting, frávik og afbrot og unglingsárin.